



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Viðauki við starfsleyfi

Auður Capital hf.

Auður Capital hf. hefur kunngjört að félagið hyggist stunda eftirtalda starfsemi á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga nr. 161/2002:

1. Þjónustu:

- a) Móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.
- b) Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina.
- d) Eignastýringu.
- e) Fjárfestingarráðgjöf.
- f) Sölutryggingu í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga.
- g) Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

2. Viðbótarþjónustu:

- a) Vörslu og stjórnun í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. vörslu fjármálagerninga og tengda þjónustu, svo sem vegna fjármuna eða trygginga.
- b) Veitingu lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
- c) Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
- d) Þjónustu í tengslum við sölutryggingu.
- e) Gjaldeyrisþjónustu ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.

Viðauki þessi er hluti starfsleyfis Auðar Capital hf. og er félaginu óheimilt að hefja nýja starfsemi án þess að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrirfram og óska eftir viðtækara starfsleyfi.

Reykjavík, 10. janúar 2012

Gunnar P. Andersen

Ragnar Hafliðason